

REGLUGERÐ

115

30. júlí

um breyting á reglugerð nr. 103 1957, um fyrirframgreiðslu skatta o. fl.

1. gr.

Aftan við 2. málsgr. 1. gr. komi ný málsgr. svo hljóðandi:

Nú hefur gjaldandi ekki lokið greiðslu þess hluta þinggjaldsins, sem honum bar að ljúka, áður en 15 dagar eru liðnir frá gjalddaga hans, og er þá allt þinggjaldið þegar fallið í gjalddaga.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Um greiðslu samkvæmt reglugerð þessari gilda ákvæði tekju- og eignarskattlaga svo og reglugerðar nr. 147/1955, um dráttarvexti, skyldu kaupgreiðanda til að halda eftir af kaupum launtaka upp í skattana, svo og önnur ákvæði eftir því sem við á.

Fyrirframgreiðsluna má taka lögtaki.

3. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Að því er varðar þinggjöld ársins 1957 þá er heimilt að innheimta þau hjá hverjum gjaldanda með fjórum jöfnum greiðslum, er falli í gjalddaga 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember. Fastir starfsmenn, sem greiða skatta reglulega af kaupum samkvæmt kröfu innheimtumanns, mega þó ljúka greiðslu gjaldanna með 6 jöfnum greiðslum, þannig að auk fyrrnefndra gjalddaga komi 2. janúar og 1. febrúar 1958. Nú hefur kaupgreiðandi ekki verið krafinn um skatta launþega fyrir en eftir 1. ágúst 1957, og skal þá haga greiðslum þannig, að innheimtu skatta hlutaðeigandi launþega verði með jöfnum greiðslum að fullu lokið 1. febrúar 1958. Um vanskil samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 30. júlí 1957.***Eysteinn Jónsson.**

Sigtr. Klemenzson.